

LANDPÓSTURINN

6.tbl. 10.árg. Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík, ábm.: Matthildur Kr. Elmarsdóttir

Ráðstefna:


„Grunnur nýrrar aldar“

Staða og horfur í stafrænni grunnkortagerð

Þáhn 17. september n.k. verður haldin ráðstefna um stafræna grunnkortagerð á vegum Félags landfræðinga, Íslenska kortagerðarfélagshns og LÍSU-samtakanna. Þar verða flutt erindi um stöðu og framtíð grunnkortagerðar hér á landi. Ráðstefnunni er ætlað að vekja athygli á mikilvægi góðra grunnkorta fyrir íslenskt samfélag, hvort heldur vegna rannsókna, fræðslu, ferðaþjónustu, skipulagsvinnu eða annarrar stefnumótunar og áætlanagerðar. Mjög brýnt er því að aðgengi- leg séu grunnkort af landinu öllu, sem uppfylla kröfur tímans.

Landfræðingar hafa átt drjúgan þátt í kortagerð á Íslandi á síðustu áratugum en enn eru næg verkefni á þessu sviði og ættu félagsmenn ekki að láta sitt eftir liggja. Skráið ykkur á ráðstefnunna í tíma!

Sjá dagskrá á bls. 4.



Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi

Vetrarstarfið

Þá er sumarið svona nokkurn veginn á enda og tími er að huga að stanni vetrarins. Við í stjórninni höfum í hyggju að halda uppteknum hætti varðandi fræðslufundi í vetur, og áætlum a.m.k. tvo slíka fram að jólum. En einnig hyggjumst við halda almennan félagsfund áður en langt um líður, þar sem félagsmönnum gefst kostur á að koma með hugmyndir um starfið. Hvetjum sem flesta til að koma!

Orðanefnd landfræðinga

Fyrir nokkru var sendur út tölvupóstur til að leita að áhugamönnum til þátttöku í starfi Orðanefndar landfræðinga, sem þau Guðrún Ólafsdóttir og Ólafur H. Óskarsson hafa staðið fyrir. Svavar Guðfinnsson hefur starfað fyrir nefndina af mikilli elju. Er búið er að safna miklum fjölda hugtaka í sarpinn og flokka þau. Nú liggur fyrir að yfirfara safnið, vinsa úr og bæta við, en umfram allt að setja fram skilgreiningar og síðast en ekki síst finna hentug íslensk orð fyrir fjölda hugtaka sem landfræðingar þurfa að nota.

Ekki þarf að fjölyrða um hvílík lyftistöng vel unnið orðasafn gæti orðið fyrir þá landfræðinga sem vilja rita um fræði sín á íslensku, bæði fyrir almenning og félagi sína í faginu. Þar að auki er sú „þjóðariþrótt“, sem orðasmíð hefur lengi verið, afar skemmtilegt viðfangsefni.

Nokkrir félagsmenn hafa þegar boðið fram aðstoð sína, en rúm er fyrir mun fleiri, enda sérsvið landfræðinga mörg og ólík. Hafid samband við Karl Benediktsson, s. 525 4286, netfang kben@hi.is, ef þið sjáið ykkur fært að koma að starfi orðanefndarinnar.

*spatial science
regulation theory
subjectivity*

???



Ferðamálafræði í uppsveiflu

Talsvert margir landfræðingar starfa á sviði ferðamála og hafa nokkrir sótt sér framhaldsmenntun til útlanda að loknu BS-prófi frá Háskóla Íslands. Eiginleg ferðamálafræði hefur hins vegar ekki verið kennd á háskólastigi hérlendis fram að þessu. Á því er nú að verða breyting.

Í haust verður kennt í fyrsta skipti við Jarð- og landfræðiskor námskeiðið *Inngangur að ferðamálafræðum*. Þetta er valnámskeið ætlað landfræðineinum sem og stúdentum úr ýmsum öðrum greinum innan háskólans, til að mynda líffræði eða félagsfræði, sem snertiflöt eiga við ferðamál. Atvinnugreinin er þarna tekin einkar landfræðilegum tókum og fjallað jöfnum höndum um umhverfi og samfélag.

Ætlunin er að bjóða smátt og smátt fleiri slík námskeið undir merkjum landfræðinnar, þannig að úr verði sérstök aukagrein. Umsjón með mótun þessa náms hefur Anna Dóra Sæþórsdóttir, sem er félagsmönnum að góðu kunn fyrir starf sitt í stjórn félagsins fyrir nokkrum árum, og ekki síður fyrir rannsókn sína á áhrifum fyrirhugaðra virkjana norðaustanlands á ferðamennsku á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Einnig er nú boðið upp á ferðamálanám hjá Háskólanum á Akureyri, þar sem áherslan er meiri á viðskiptaþáttinn. Fyrirhugað er að koma á fót svokölluðu Ferðamálasetri, sem verði vettvangur samvinnu milli skólanna tveggja og styðji við rannsóknir og kennslu. Það má því vænta að umfjöllun um ferðamál á Íslandi verði er fram líða stundir faglegrri og njóti betri stuðnings fræðilegrar greiningar.

Þess má að lokum geta að námskeiðið nýja hefur orðið fyrir valinu sem tilraunaverkefni Háskóla Íslands og Austurlands á sviði fjarkennslu. Þannig má segja að það hafi tvöfaldan slagkraft í augum landfræðinga.

Alþjóðalandfræðisambandið

Þegar þessi orð eru rituð er Alþjóðalandfræðisambandið (IGU) að halda heimsráðstefnu sína í Lissabon. Íslensk landafræði á að þessu sinni óvenju marga fulltrúa á þessum tvíæringi, en þangað fóru þær Guðrún Ólafsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir. Ætluðu þær allar að kynna verk sín á aðalráðstefnunni eða hliðarráðstefnum einstakra faghópa. Síðast var ráðstefnan haldin í Haag í Hollandi og verður að tveimur árum liðnum í Seoul í Suður-Kóreu. Eigum við ekki að fjölmenna?

Prúttað um álver

Það er fagnaðarefni þegar vandaðar ritsmíðar íslenskra landfræðinga líta dagsins ljós. Nýlega kom á prent í hinu virta landfræðitimariti *Geografiska Annaler B* grein Jóns Björns Skúlasonar, sem ber heitið *Industrial Location as Bargaining: Iceland and the Aluminium Multinationals, 1961-1994*. Meðhöfundur er Roger Hayter. Þarna er sagt frá niðurstöðum rannsóknar Jóns Björns á stóriðjudraumum íslenskra stjórnvalda og samskiptum þeirra við fjölþjóðafyrirtæki í áliðnaði.

Grunnur nýrrar aldar

Staða og horfur í stafrænni grunnkortagerð

Ráðstefna á vegum Félags landfræðinga,
Íslenska kortagerðarfélagsins og
LÍSU- samtakanna.

Fimmtudaginn 17. september kl 13:00-16:30
á Grand Hótel, Sigtúni 38

Fundarstjóri: Haukur Jóhannesson jarðfræðingur
kl.

12:30 Skráning

13:05 Karl Benediktsson, formaður Félags landfræðinga:
Setning ráðstefnunnar

13:10 Guðbjörg Sigurðardóttir, verkefnisstjóri í Forsætisráðuneytinu:
Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið

13:30 Árni Snorrason, Orkustofnun:
Þjóðhagslegar forsendur fyrir grunnkortagerð

13:50 Stutt hlé

14:00 Ingimar Sigurðsson, Umhverfissráðuneytið:
Framtíð grunnkortagerðar

14:20 Jón Gunnar Ottósson, Náttúrufræðistofnun Íslands:
Landfræðilegar upplýsingar og sérkortagerð

14:40 Gísli Gíslason, Landmótun ehf:
Skipulagsvinna á nýjum grunni

15:00 Kaffihlé

15:30 Pallborðsumræður með fyrirlesurum: *Grunnur nýrrar aldar*

Magnús Guðmundsson, Landmælingar Íslands: *Samantekt*

Ráðstefnulok eru áætluð um kl 16:30

Skráning fyrir 16. september hjá Helgu Barðadóttur; s. 569 6002; netfang:hbd@os.is

Ferð:

Félagsmenn kr. 1.500

Nemendur: kr. 800

Aðrir: kr. 2000